

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar, nr. 950/2009, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 4. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:
Kirkjuráð skal auglýsa á almennum markaði allar fasteignir þjóðkirkjunnar, sem það hefur ákveðið að selja með samþykki kirkjuþings. Kirkjuráð skal taka hæsta tilboði eða hafna öllum.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

Reykjavík, 24. september 2020.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2020